

**Ársskýrsla Námsgagnasjóðs
skólaárið 2015-2016**

Lög um námsgögn voru samþykkt á Alþingi 28. mars 2007. Markmið laganna er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Í lögnum er kveðið á um stofnun Námsgagnasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna, auk þess sem fjallað er um Námsgagnastofnun.

Námsgagnasjóður hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Með tilkomu sjóðsins hafa grunnskólar aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrval Menntamálastofnunar, áður Námsgagnastofnunar. Grunnskólar fá áfram úthlutað kvóta til kaupa á námsgögnum hjá Menntamálastofnun.

Fram til ársins 2012 var framlag í Námsgagnasjóð ákveðið í fjárlögum ár hvert. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í nóvember 2007. Vegna niðurskurðar í ríkisútgjöldum varð mennta- og menningarmálaráðuneytið að skerða framlög til sjóðsins. Í töflunni hér að neðan má sjá framlög til sjóðsins frá árinu 2007.

Ár	Framlag í millj. kr.
2016	54
2015	54
2014	54
2013	40
2012	40
2011	40
2010	60
2009	50
2008	100
2007	100

Sjóðurinn starfar skv. reglugerð um sjóðinn nr. 1111/2007, þar sem kveðið er á um að greiðsla fyrir hvern grunnskóla sé innt af hendi til rekstraraðila þeirra ár hvert og tekur greiðsla fyrir hvern skóla mið af fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla skólaárið á undan, skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands, en heimilt er að ívilna fámennum skólum. Auk þess segir í reglugerð að grunnskólar skuli láta sjóðsstjórn í té skilagrein á rafrænu formi um ráðstöfun úthlutunar eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Heimild er til þess í reglugerð að fella niður úthlutun til þeirra skóla sem ekki skila inn skilagrein.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einn stjórnarmaður er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður er skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í upphafi árs 2012 var skipað í nýja stjórn Námsgagnasjóðs og er skipunartími hennar frá 26. apríl 2012 til 25. apríl 2016. Var skipunartíminn framlengdur um eitt ár. Sú breyting varð á stjórn sjóðsins að Þórður Kristjánsson hætti sem varamaður Kennarasambands Íslands og Kristinn Breiðfjörð er nýr varamaður kennarasambandsins.

Eftirtaldir skipa stjórn Námsgagnasjóðs.

Aðalmenn:

Guðni Olgeirsson, án tilnefningar, formaður,
Helga Guðmundsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varaformaður,
Guðbjörg Ragnarsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands.

Varamenn:

Marta Guðrún Skúladóttir, án tilnefningar,
Nanna Kristín Christiansen, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Kristinn Breiðfjörð, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands.

Samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var undirritað 5. október 2011. Eitt af þeim verkefnum sem samkvæmt samkomulaginu færðust frá ríki til sveitarfélaga var fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs. Umsýsla sjóðsins, sem frá stofnun sjóðsins hafði verið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, færðist við undirritun samkomulagsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfsmenn sjóðsins eru Klara E. Finnbogadóttir og Valur Rafn Halldórsson. Umsýslukostnaður greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Í reglugerð um Námsgagnasjóð kemur fram að grunnskólar eigi að láta sjóðsstjórn í té skilagrein á rafrænu formi um ráðstöfun úthlutunar. Skilagreinin er fyrst og fremst til að gera stjórn sjóðsins grein fyrir því hvað keypt er fyrir fjármuni sjóðsins, en er ekki bókhaldsgagn. Ráðuneytið lét hana rafrænan grunn vegna skilagreinanna. Vefslóð að grunninum er *namsgagnasjodur.is*. Hýsing vefsins er hjá Advania. Hver skóli hefur notendanafn og lykilorð fyrir aðgang að grunninum. Færa þarf í grunninn heiti námsgagns, söluaðila, tegund námsgagns, námsgrein og upphæð, fyrir hvert tímabil sem er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.

Stjórn sjóðsins fer yfir skilagreinarnar og þeim færslum sem ekki eru taldar gjaldgengar í sjóðinn er eytt. Fjármagn sem einstakir skólar nýta ekki yfirfærast á milli ára. Í 4. grein reglugerðar um Námsgagnasjóð er kveðið á um reglur sem fylgja skal eftir við úthlutun úr sjóðnum og hefur stjórn sjóðsins þær að leiðarljósi þegar skilagreinar eru yfirfarnar. Skilyrði ráðstöfunar fjármuna sjóðsins er einskorðað við kaup á námsgögnum frá lögaðilum (þeim sem stofnað hafa kennitölu um rekstur) öðrum en Menntamálastofnun (þ.e. vegna gagna sem skólar fá úthlutað frá stofnuninni af kvóta) og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum til búnaðar- eða tækjakaupa. Ekki er hægt að draga ályktun um notkun fjármuna Námsgagnasjóðs út frá skilagreinunum þar sem skólar eyða mun meiri fjármunum í kaup á námsgögnum en þeir fá úthlutað úr sjóðnum og geta því aðeins gert grein fyrir brot af því í skilagrein Námsgagnasjóðs.

Samkvæmt vinnureglum sjóðsins var tölvupóstur sendur til grunnskóla og umsjónarmanna Námsgagnasjóðs hvers skóla 1. apríl 2016 með tilkynningu um skilafrest skilagreina í Námsgagnasjóð. Önnur áminning var send sömu aðilum 18. apríl 2016. Rekstraraðilar skólanna, framkvæmdastjórar sveitarfélaga og skólaskrifstofur fengu afrit af þeim tölvupósti.

Tólf skólar skiluðu ekki skilagrein á tilsettum tíma og verða þeir ekki með í næstu úthlutun sbr. 4. gr. reglugerðar um Námsgagnasjóð. Fengu þeir bréf frá stjórn Námsgagnasjóðs þar

sem það var tilkynnt. Afrit var sent á rekstraraðila/sveitarfélög viðkomandi skóla. Sú fjárhæð sem skólarnir höfðu til umráða eftir úthlutun 2014 yfirfærast á næstu úthlutun. Til að eiga rétt á úthlutun 2017 þurfa skólarnir að gera grein fyrir ráðstöfun þeirra fjármuna eigi síðar en 30. apríl 2017.

Heildartekjur sjóðsins árið 2015 voru 54 m.kr. af þeirri upphæð var rúmum 52,6 m.kr. úthlutað til grunnskóla landsins (sjá fylgiskjal). Annar kostnaður var upp á rúma 1,2 m.kr. þar inni er kostnaður við hýsingu heimasvæðis og gagnagrunns, skrifstofukostnaður og kostnaður vegna starfsmanna.


	Rekstrarreikningur 2015
Rekstrartekjur:	
Fjármagn úr ríkissjóði	54.000.000
	<u>54.000.000</u>
Rekstrargjöld:	
Úthlutanir	52.615.421
Kostnaður vegna namsgagnasjóður.is	189.265
Þjónusta sambandsins	1.000.000
Annar kostnaður	60.562
	<u>53.865.248</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<u>134.752</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	
Vaxtatekjur	86.143
Fjármagnstekjuskattur	(17.223)
	<u>68.920</u>
Afkoma ársins	<u>203.672</u>

Skipting fjármagns Námsgagnasjóðs eftir söluaðilum skólaárið 2015-2016

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þá söluaðila sem mest var keypt frá fyrir fjármagn Námsgagnasjóðs skólaárið 2015-2016. Algengast er að verslað sé við Skólavefinn, A4 Skólavörðubúðina og Forlagið-JPV útgáfu.

Söluaðili	Upphæð	Fjöldi færslna	%
Skólavefurinn ehf.	15.237.911	263	37,9%
A4 Skólavörubúðin	6.585.388	199	16,4%
Forlagið-JPV útgáfa	5.067.691	113	12,6%
Penninn	2.336.467	91	5,8%
Jón Norland	1.561.408	10	3,9%
Iðnú-bókaútgáfa	1.558.543	44	3,9%
Eymundsson	1.370.362	61	3,4%
Félag íslenskra bókaútg.	845.022	13	2,1%
Fróðleikur slf	783.974	9	2,0%
Stoðkennarinn	678.044	27	1,7%
Rasmus ehf.	584.827	21	1,5%
ABC skólavörur	554.705	49	1,4%
123skoli.is	551.835	5	1,4%
Spilavinir	490.807	28	1,2%
Rósakot ehf	399.339	5	1,0%
Góður, betri, bestur	377.813	3	0,9%
Netverslun erlendis	349.028	16	0,9%
Bókamarkaðurinn	299.749	7	0,7%
A4 Skrifstofuvörur	280.639	4	0,7%
Rósakot	266.259	30	0,7%
<i>Samtals</i>	<i>40.179.811 kr.</i>	<i>998</i>	<i>100,0%</i>

Skipting fjármagns eftir söluaðilum skólaárið 2015-2016




Skipting fjármagns Námsgagnasjóðs eftir tegund námsgagna skólaárið 2015-2016

Mestur hluti fjármagns Námsgagnasjóðs skólaárið 2015-2016 fór í kennslubækur eða um 52%. Einnig nýttu skólar fjármagn sjóðsins þó nokkuð til kaupa á áskriftum að ýmsum vefsíðum. Hér að neðan má sjá yfirlit á skiptingu miðað við tegund námsgagna. Til samanburðar eru tölur vegna skólaáranna 2013-2014 og 2014-2015.

Tegund	Fjöldi færslna			Upphæð		Upphæð	
	Upphæð		%		%		%
	2015-2016			2014-2015		2013-2014	
Kennslubók	26.332.572 kr.	696	52%	28.867.759 kr.	55%	23.209.213 kr.	44%
Vefsíða	13.532.605 kr.	232	27%	9.576.797 kr.	18%	5.550.046 kr.	11%
Annað	4.478.577 kr.	219	9%	5.288.836 kr.	10%	3.308.955 kr.	6%
Sérkennslugögn	3.176.951 kr.	176	6%	4.560.270 kr.	9%	1.952.128 kr.	4%
Forrit	1.373.025 kr.	100	3%	1.777.250 kr.	3%	1.364.301 kr.	3%
Handbók	1.278.069 kr.	38	3%	2.289.821 kr.	4%	952.349 kr.	2%
Landakort	566.457 kr.	7	1%	342.379 kr.	1%	50.305 kr.	0%
Samtals	50.738.256 kr.	1468	100%	52.703.112 kr.	100%	36.387.297 kr.	69%

Skipting fjármagns eftir tegundum námsgagna skólaárið 2015-2016




Skipting fjármagns Námsgagnasjóðs eftir námsgreinum skólaárið 2015-2016

Mestur hluti fjármagns Námsgagnasjóðs skólaárið 2015-2016 fór í námsgögn vegna íslenskukennslu. Næst mest fjármagn fór í að greiða aðgang að almennum námsvefjum og námsgögn vegna erlendra tungumála. Hér að neðan má sjá hvernig fjármagn Námsgagnasjóðs skiptist milli námsgreina.

	2015-2016			2014-2015	
	Upphæð	Fjöldi færslna	%	Upphæð	%
Íslenska	20.894.749	603	41%	23.941.299	665
Aðgangur að almennum námsvef	12.439.861	174	25%	7.342.406	123
Erlent tungumál	5.460.112	186	11%	6.313.480	240
Stærðfræði	4.226.946	157	8%	4.699.784	178
Sérkennsla	1.883.925	99	4%	3.501.003	185
Lífsleikni	1.545.193	84	3%	1.657.944	91
Listgreinar	1.454.891	61	3%	1.193.118	75
Samfélagsgreinar	824.418	27	2%	828.177	34
Náttúrufræði og umhverfismennt	789.824	38	2%	1.745.790	86
Upplýsinga- og tæknimennt	679.088	18	1%	1.036.685	26
Íþróttir- líkams- og heilsurækt	417.213	14	1%	369.169	23
Hönnun og smíði	107.676	4	0%	41.526	4
Heimilisfræði	14.360	3	0%	32.732	4
Samtals	50.738.256	1468	100%	52.703.113	1734

Skipting fjármagns eftir námsgreinum skólaárið 2015-2016



Hér að neðan má sjá nánari skilgreiningu á flokknum erlend tungumál.

Erlend tungumál	Upphæð	%
Enska	4.578.935	83,9%
Danska	605.447	11,1%
Þýska	122.081	2,2%
Spænska	131.703	2,4%
Franska	21.946	0,4%
<i>Samtals</i>	<i>5.460.112</i>	<i>100,0%</i>

Stjórn Námsgagnasjóðs ákvað á fundi sínum dags. 1. september 2015 að senda mennta- og menningarmálaráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga bréf þar sem farið var yfir fjármögnun sjóðsins og fyrirkomulag, meðal annars m.t.t. breytinga á lögum og reglugerðum. Bréfið var tekið fyrir á fundi stjórnar sambandsins 16. september 2015 þar sem samþykkt var að óska eftir viðræðum við mennta- og menningarmálaráðherra um fyrirkomulag og framtíð sjóðsins og var bréf sent ráðuneytinu þar um, dags. 6. nóvember 2015. Á fundi sambandsins og ráðuneytisins, dags. 20. janúar 2016, var ákveðið að fela einum fulltrúa frá sambandinu og einum frá ráðuneytinu að leggja fram tillögu að breytingum á reglugerð um sjóðinn með það að markmiði að gera umsýslu skilvirkari og einfaldari. Fulltrúarnir hafa lagt fram drög að breytingum á reglugerðinni en ekki hefur verið tekin ákvörðun um niðurstöðuna af hálfu ráðuneytisins og hún hefur ekki verið lögð fram hjá sambandinu til umsagnar. Stjórn Námsgagnasjóðs lýsir yfir vonbrigðum með seinagang við þessa vinnu og að eftirfylgd með fundi ráðuneytisins og sambandsins í janúar sl. hafi ekki fengið betri hljómgrunn.

Þann 13. apríl sl. var undirritað samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Er samkomulagið til þriggja ára. 2. júní 2016 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms (gildistími bráðabirgðaákvæða o.fl.) – 1469 lög (samhljóða þingskjal 1384). Fjármögnun sjóðsins er því tryggð til 2018.

Reykjavík, 7. október 2016

f.h. stjórnar Námsgagnasjóðs


 Guðri Olgeirsson, formaður

REGLUGERÐ
um námsgagnasjóð.

1. gr.

Hlutverk námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Framlag til námsgagnasjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar námsgagnasjóði þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Menntamálaráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Stjórn námsgagnasjóðs ákveður skiptingu fjármuna milli grunnskóla til námsgagnakaupa á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla á síðastliðnu skólaári. Greiðsla fyrir hvern grunnskóla er innt af hendi til rekstraráðila grunnskóla í maímánuði ár hvert. Stjórnin hefur eftirlit með því að farið sé að úthlutunarreglum, sbr. 4. gr. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

4. gr.

Eftirfarandi reglum skal fylgt við úthlutun úr námsgagnasjóði:

1. Skilyrði ráðstöfunar fjár fyrir grunnskóla er einskorðað við kaup á námsgögnum frá lögaðilum og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár. Óheimilt er að verja fjármunum úr námsgagnasjóði til búnaðar- og tækjakaupa.
2. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda en heimilt er að ívilna fámennum skólum. Í því felst að skólar með allt að 50 nemendur fá 20% hærrí úthlutun. Skólar með 51-100 nemendur fá 10% hærrí úthlutun og skólar með 101-150 nemendur fá 5% hærrí úthlutun.
3. Grunnskólar skulu láta sjóðstjórn í té skilagrein á rafrænu formi um ráðstöfun úthlutunar eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Eingöngu þeir skólar sem skilað hafa skilagrein koma til álíta við úthlutun næsta árs.
4. Grunnskólum er heimilt að færa úthlutunarfé á milli ára.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið annast umsýslu sjóðsins og ber ábyrgð á henni. Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins. Komi í ljós við eftirlit stjórnar námsgagnasjóðs að grunnskóli hafi ráðstafað fjármunum úr námsgagnasjóði til annars en mælt er fyrir um í reglugerð þessari skal skólinn krafinn um endurgreiðslu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007 og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta úthlutun úr námsgagnasjóði fer fram í nóvembermánuði 2007 á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum skóla á síðastliðnu skólaári.

Menntamálaráðuneytinu, 7. nóvember 2007.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Úthlutun Námsgagnasjóðs 2016-2017

Akurskóli	564.072	Foldaskóli	590.049
Alþjóðaskólinn á Íslandi	97.970	Fossvogsskóli	414.395
Austurbæjarskóli	539.332	Garðaskóli	575.205
Álfhólsskóli	838.686	Gerðaskóli	251.111
Álftanesskóli	544.280	Glerárskóli	384.707
Árbæjarskóli	769.414	Grandaskóli	368.626
Árskógarskóli	31.172	Grenivíkurskóli	69.396
Árskóli	411.921	Grundaskóli	728.593
Ártúnsskóli	222.660	Grunnskóli Bolungarvíkur	157.161
Áslandsskóli	643.240	Grunnskóli Borgarfjarðar	244.926
Barnask. Hjallast. á Vífilsstöðum	192.230	Grunnskóli Borgarfjarðar eystri	14.844
Barnask. Hjallast. Reykjavík	196.683	Grunnskóli Djúpavogs	87.085
Barnask. Hjallast. við Hjallabraut	176.644	Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	118.381
Barnask. á Eyrarbakka og Stokkseyri	170.149	Grunnskóli Fjallabyggðar	249.874
Bláskógaskóli - Laugarvatni	56.407	Grunnskóli Grindavíkur	592.523
Bláskógaskóli - Reykholti	106.135	Grunnskóli Grundarfjarðar	125.184
Breiðagerðisskóli	457.690	Grunnskóli Hornafjarðar	321.620
Breiðholtsskóli	534.384	Grunnskóli Húnaþings vestra	194.828
Brekubæjarskóli	536.858	Grunnskóli Mýrdalshrepps/Víkurskóli	70.756
Brekuskóli	598.708	Grunnskóli Reyðarfjarðar	196.683
Brúarásskóli	65.314	Grunnskóli Seltjarnarness	619.737
Brúarskóli	43.048	Grunnskóli Snæfellsbæjar	304.302
Dalskóli	192.230	Grunnskóli Vestmannaeyja	650.662
Dalvíkurskóli	280.799	Grunnskóli Vesturbyggðar	179.241
Fellaskóli (Fellabæ)	133.782	Grunnskóli Öndarfjarðar	32.657
Fellaskóli (Reykjavík)	397.077	Grunnskólinn á Bakkafirði	20.782
Finnbogastaðaskóli	7.422	Grunnskólinn á Blönduósi	155.862
Flóaskóli	126.545	Grunnskólinn á Drangnesi	14.844
Flúðaskóli	151.965	Grunnskólinn á Eskifirði	179.241

Grunnskólinn á Hellu	164.954	Húsaskóli	247.400
Grunnskólinn á Hólmavík	74.839	Hvaleyrarskóli	502.222
Grunnskólinn á Ísafirði	404.499	Hvolsskóli	285.747
Grunnskólinn á Raufarhöfn	10.391	Höfðaskóli	127.906
Grunnskólinn á Stöðvarfirði	29.688	Hörðuvallaskóli	956.201
Grunnskólinn á Þórshöfn	84.363	Ingunnarskóli	514.592
Grunnskólinn Egilsstöðum	439.135	Kársnesskóli	674.165
Grunnskólinn í Borgarnesi	357.493	Kelduskóli	505.933
Grunnskólinn í Breiðdalshreppi	17.813	Kirkjubæjarskóli	65.314
Grunnskólinn í Grímsey	11.875	Klettaskóli	150.667
Grunnskólinn í Hofgarði	5.938	Klébergsskóli	164.954
Grunnskólinn í Hveragerði	409.447	Kópavogsskóli	385.944
Grunnskólinn í Sandgerði	270.903	Krikaskóli	136.379
Grunnskólinn í Stykkishólmi	188.333	Landakotsskóli	215.238
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	244.926	Langholtsskóli	789.206
Grunnskólinn Suðureyri	69.767	Laugalandsskóli í Holtum	99.331
Grunnskólinn Þingeyri	44.532	Laugalækjarskóli	351.308
Hagaskóli	616.026	Laugargerðisskóli	31.172
Hamraskóli	194.828	Laugarnesskóli	632.107
Háaleitisskóli	602.419	Lágafellsskóli	904.247
Háaleitisskóli (Reykjanesbæ)	186.787	Lindaskóli	616.026
Háteigsskóli	545.517	Lundarskóli	526.962
Heiðarskóli (Leirársveit)	126.545	Lækjarskóli	644.477
Heiðarskóli (Reykjanesbæ)	484.904	Melaskóli	802.813
Hlíðaskóli	557.887	Myllubakkaskóli	390.892
Hofsstaðaskóli	607.367	Naustaskóli	456.453
Holtaskóli	539.332	Nesskóli	261.007
Hólabrekkuskóli	592.523	Njarðvíkurskóli	456.453
Hrafnagilsskóli	188.024	Norðlingaskóli	684.061
Hraunvallaskóli	1.065.057	Oddeyrarskóli	231.319
Húnavallaskóli	69.767	Reykhólaskóli	68.282

Reykjahlíðarskóli	47.501	Þingeyjarskóli	96.610
Reykjavík International School	10.391	Þjórsárskóli	63.829
Réttarholtsskóli	494.800	Ölduselsskóli	571.494
Rimaskóli	681.587	Öldutúnsskóli	617.263
Salaskóli	687.772	Öxarfjarðarskóli	47.501
Seláskóli	279.562		
Seljaskóli	769.414		
Setbergsskóli	487.378		
Síðuskóli	493.563		
Sjáländsskóli	343.886		
Skóli Ísaks Jónssonar	214.001		
Smáraskóli	450.268		
Snælandsskóli	522.014		
Stóru-Vogaskóli	231.319		
Suðurhlíðarskóli	53.438		
Sunnulækjarskóli	743.437		
Súðavíkurskóli	28.204		
Sæmundarskóli	573.968		
Tjarnarskóli	54.923		
Vallaskóli	643.240		
Varmahlíðarskóli	167.552		
Varmárskóli	904.247		
Vatnsendaskóli	681.587		
Vesturbæjarskóli	481.193		
Víðistaðaskóli	825.079		
Vogaskóli	383.470		
Vopnafjarðarskóli	118.381		
Vættaskóli	603.656		
Waldorfskólinn Lækjarbotnum	97.970		
Waldorfskólinn Sólstafir	78.921		
Þelamerkurskóli	108.856		

